# Fornleifaskráning

vegna deiliskipulags í landi

*Grafar í Hrunamannahreppi*



**Guðlaug Vilbogadóttir**

**Mars 2008**

**2008/1**

# **Fornleifaskráning**

vegna deiliskipulags í landi

*Grafar í Hrunamannahreppi*

## Efnisyfirlit


**Inngangur** ........ **2**

**Tilgangur fornleifaskráningar** ........ **2**

Fornleifaskráning og aðferðir ........ 3

Jarðanúmer ........ 3

Tegund, hlutverk og heiti ........ 4

Lega ........ 4

Staðhættir og lýsing ........ 4

Hættumat ........ 4

Heimildir ........ 5

Heimildarmenn ........ 5

Saga jarðanna og fornleifar ........ 5

**Helstu minjaflokkar** ........ **5**

Minjar í túni ........ 5

Minjar í eða við tún ........ 6

Minjar utan túns ........ 6

Minjar við sjó/vötn ........ 8

**Saga Grafar** ........ **9**

**Fornleifaskrá** ........ **13**

Minjar á deiliskipulagsreit ........ 13

Minjar utan deiliskipulagsreit ........ 31

Viðauki: Úr fyrri skráningu ........ 33

**Niðurlag** ........ **36**

**Heimildir** ........ **37**

# Inngangur

Með bréfi dagsettu 29. janúar 2008 óskaði Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri Hrunamannahrepps, eftir því að Byggðasafn Árnesinga gerði fornleifarannsókn vegna fyrirhugaðra framkvæmda í landi Grafar í Hrunamannahreppi samkvæmt drögum að deiliskipulagi frá því í febarúar 2007. Vegna veðurs og snjóalaga gat athugun á vettvangi ekki farið fram fyrr en 17. mars 2008 og þá var einnig rætt við heimildarmann, Guðjón Emilsson, garðyrkjubónda í Laxárhlíð. Á vettvangi var svæðið kannað, fornleifastaðir hnitsettir og myndir teknar. Sú vinna var unnin af fornleifafræðingunum Margréti Hrönn Hallmundsdóttur og Guðlaugu Vilbogadóttur, sem vann skýrslu þessa.

Skýrsluhöfundur þakkar heimildarmanni, Guðjóni Emilssyni, fyrir veittar upplýsingar og hjálpsemi.

Í ágúst 2007 fór fram fornleifaskráning á öðrum skipulagsreit í landi Grafar, samkvæmt breytingum á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015 frá maí 2007 (sjá bréf til Hrunamannahrepps 20. ágúst 2007). Þeirra fornminja sem þá voru skráðar er getið í viðauka við skýrslu þessa.

# Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

> [...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:
>
> a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
> c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
> d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
> e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
> f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
> g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
> h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
> i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
>
> Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.” Þetta á við

um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

### Fornleifaskráning og aðferðir

Áður en vettvangskönnun fór fram voru helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í sameiginlegan gagnagrunn minjavörslunnar, Sarp.

Í fornaleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.[1]

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndir eða teikningar eftir því sem við á. Minjar eru færðar inn á skipulagskort frá Teiknistofu arkitekta. Kort er birt hér með góðfúslegu leyfi þeirra aðila sem hlut eiga að máli, Teiknistofu arkitekta og Hrunamannahrepps.

### Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

### Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Gröf – 166755, og í öðru lagi númeri jarðarinnar

[1] Johnsen, J. 1847.

samkvæmt Jarðatali Johnsens,[2] 315 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hverrar jarðar; bæjarstæði Grafar væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Gröf – 166755-315-1. Sé jörð með landsnúmer en ekki númer í Jarðatali Johnsens flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

**Tegund, hlutverk og heiti**

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild" sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Grafarhver, er það skráð sérstaklega, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

**Lega**

Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin voru GPS hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi kort frá Teiknistofu arkitekta. Hnitin sem gefin eru upp eru í landskerfinu ISN93.

**Staðhættir og lýsing**

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

**Hættumat**

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta, sem fyrr segir, leynst undir sverðinum.

[2] Johnsen, J. 1847.

**Heimildir**

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

**Heimildamenn**

Heimildarmaður við skráninguna var Guðjón Emilsson, sem ólst upp í Gröf og hefur ætíð búið á jörðinni. Hann er fæddur árið 1932.

**Saga jarðanna og fornleifar**

Í kaflanum um sögu jarðanna og fornleifar er stiklað á stóru um sögu hverrar jarðar. Þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

# Helstu minjaflokkar

Búsetuminjum má gróft séð skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna. Þær minjar er mesta sögu geyma eru bæjarstæði/hólar og umhverfi þeirra. Stærsti minjaflokkurinn hinsvegar teljast útihús hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, nátthaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru þau byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar þar er um að ræða þótt svo engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er stundum ekki hægt að ákvarða nánar hver notkun húss kann að hafa verið.

**Minjar í túni**

***Bæjarstæði***

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Þeir varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

***Kirkjur*** voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærri bæjarstæðum.

Á ***alkirkjum***, höfuðkirkjum (beneficium) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á ***hálfkirkjum***, svokölluðum útkirkjum (annexíum), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á ***fjórðungs-*** og ***þriðjungskirkjum*** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftarleyfi.

***Bænhús*** voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gifta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.

***Grafreitir*** voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðum,

umhverfis kirkjur og hálfkirkjur. Elstu kirkjugarðarnir voru hringlaga en þeir urðu seinna ferhyrndir. Ætlað hefur verið að greftrun hafi farið fram við sóknarkirkjur en fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað en áætlað hefur verið.

### Minjar í eða við tún

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:
***Fjós*****:** Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.
***Fjárhús*****:** Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóftinni eða stalla undan jötum upp við veggi. Oft eru hlöður eða heytóftir áfastar aftan við fjárhúsin.
***Hrútakofar*****:** Smærri kofar oft yst í túni.
***Lambhús*****:** Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.
***Hesthús*****:** Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.
***Smiðjur*****:** Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.
***Kofar*****:** Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hænsnakofar.
***Brunnar*****:** Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferkantaðir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.
***Myllur*****:** Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúðar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læki. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.
***Kvíar*****:** Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en oft eru þær þó aðeins ein kró, ekki tvískipt eins og stekkirnir.

### Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

***Kuml/haugur/dys/kumlateigar*****:** Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfinni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Stundum eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornmanna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.
***Réttir*****:** Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabrúks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem

smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðheldi einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dilka.

***Stekkir***: Eru smáréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró og voru notaðir fyrstu dagana við fráfærur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjarveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.

***Nátthagar***: Nátthagar eru frá tíma fráfærna. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina, en sleppt til ánna á daginn. Nátthagarnir voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftar en ekki í næsta nágrenni.

***Sel***: Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læki. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram undir 17.-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

***Stöðull***: Kýr voru mjólkaðar á stöðli, þurrum stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.

***Beitarhús***: Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftar en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.

***Smalakofar***: Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.

***Heytóftir***: Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.

***Fjárborgir***: Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.

***Garðlög***: Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjaeiningar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkja-garðar.

***Heyvinnsla***: Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóttir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifð innan túns.

**Við sjó/vötn**

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kunna þar að finnast nokkuð fjölbreyttar minjar.

***Sjóhús/verbúðir*****:** sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.

***Fiskbyrgi*****:** Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.

***Hjallar*****:** Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuð upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.

***Naust/hróf*****:** Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra vegghleðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.

***Uppsátur*****:** Þar lögðu menn upp bátum. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur voru líka til en eru sjaldgæfari.

***Fiskgarðar*****:** Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.

# Gröf – 166755-315

## Saga

Gröf er í Hrunamannahreppi í Árnessýslu og tilheyrir Hrunasókn. Um hreppinn segir í *sýslulýsingu Árnessýslu*, sem Páll Melsteð skrifaði árið 1842[3]: „Hrunamanna- eður stundum svonefndur Ytrihreppur. Hann er ein þingsókn, og er þar þingstaður á þeim bæ, sem Gröf heitir, er liggur skammt frá Hruna, hérumbil mitt í sveitinni. Er þar þinghús allsæmilegt, byggt á sveitarinnar kostnað. Þó er varla mögulegt að halda þing þar í, eður öðrum þinghúsum sýslunnar, á vetrardag í frostum. Hlýtur því sýslumaðurinn, nær mál koma fyrir um þann tíma, að útvega annarstaðar hlýrra hús til þinghalds.“[4] Í hreppnum er mikill jarðhiti sem nýttur er til kyndingar, ræktunar, iðnaðar o. fl. Meðal annars er einn hver í landi Grafar.[5] Landið liggur fyrir vestan og norðan Litlu-Laxá, þar sem alla tíð hefur verið stunduð laxveiði, meðal annars í net.[6]

Grafar er getið í máldaga Hrunakirkju frá 1331 og þar er þá kirkja[7] [166755-315-2] og einnig árið 1397.[8] En hún virðist hafa verið lögð snemma niður, því hennar er ekki getið í heimildum eftir 1523.[9] Það ár gefur Oddur Þorkelsson „... dætrum sínum Þuríði og Guðrúnu í sína testamentisgjöf og þeirra móðurarf jörðina Gröf í Hrunamannahrepp, ...“[10] Þá er jarðarinnar getið í dómi frá 1519[11] og skiptabréfi frá 1566 þegar föðurarfi þeirra Narfa og Ögmundar Ormssona er skipt.[12]

„Gröf var þingstaður öldum saman [166755-315-31]. Er þegar talað um hann í heimild frá byrjun 16. aldar.“[13] Þegar manntal var tekið árið 1703 er talað um Grafarþingstað í Ytrahreppi.[14]

Samkvæmt *The Old Icelandic Land Registers* var dýrleiki Grafar árið 1686 25 hdr. og 160 álnir og kúgildin 4,5. Leigugjaldið var 1 hdr. og 40 álnir. Þar kemur fram að Skálholtsstóll hafi keypt jörðina á seinni hluta 16. aldar og að áður hafi jörðin Högnastaðir verið hluti af Gröf.[15]

Þeir Árni Magnússon og Páll Vídalín rituðu kaflann um Árnessýslu árið 1709. Þá er dýrleiki jarðarinnar óviss en eigandi Grafar er Skálholtsstóll.[16] Þeir lýsa jörðinni þannig:

> Landskuld er nú i [hdr.] xl álnir, til forna voru ii [hdr.] þegar Högnastaðir lágu þar undir ábúandanum til umráða.

---

[3] *Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979, bls. 42.
[4] *Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979, bls. 24.
[5] Hrunamannahreppur. Engin dags. *Umhverfi og búseta. Landkostir*; *Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979, bls. 122.
[6] *Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979, bls. 125.
[7] *Diplomatarium Islandicum. ...* Annað bindi 1253-1350. 1893, bls. 664-666.
[8] *Diplomatarium Islandicum. …* Fjórða bindi 1265-1449. 1897, bls. 42-44.
[9] Þorkell Grímsson. 1962, bls. 102.
[10] *Diplomatarium Islandicum. …* Níunda bindi 1262-1536. 1909-1913, bls. 159.
[11] *Diplomatarium Islandicum. …* Áttunda bindi 1261-1521. 1906-1913, bls. 678-680.
[12] *Diplomatarium Islandicum. …* Fjórtánda bindi 1551-1567. 1944-1949, bls. 507-508.
[13] Þorkell Grímsson. 1962, bls. 100; *Diplomatarium Islandicum. …* Áttunda bindi 1261-1521. 1906-1913, bls. 132.
[14] *Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947, bls. 613.
[15] Björn Lárusson. 1967, bls. 110.
[16] Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981, bls. 233 og 246.

Leigukúgildi [4½] og hafa svo verið það menn til muna.

Leigur og landskuld betalast ut supra.

Kvaðir ut supra.

Kvikfjenaður ix kýr, i kvíga tvævetur mylk, i kvíga geld tvævetur, i naut þrevett, i tvævett, ii kvígur veturgamlar, i naut veturgamalt, ii kálfar, xli ær, iii sauðir gamlir, vii þrevetrir, ix tvævetrir, xxiii veturgamlir, xxxii lömb, v hestar, i foli þrevetur, i veturgamall, ii hross, ii fyl.

Fóðrast kann xiii kúa þúngi.

Laxveiði á jörðin í Litlu Laxá.

Engjaspott á jörðin í Syðra Sels engjum við og í Grafartjörn, sem svo kallast.

Tún jarðarinnar spillist árlega af Litlu Laxá, sem það brýtur meir og meir, svo og er stekkatúnið að miklu leyti afbrotið.[17]

Að lokum nefna þeir eina hjáleigu, sem þá var í eyði. Henni lýsa þeir þannig:

I Gili hjet bygðargrey, sem bygt var um þriggja ára tíma hjá gili einu í Grafarengjum, heitir Grafargil, var gjört til verja þann hluta engjanna, þar bjó öreigi, sem annars var sveitarþurfi, og hafði þar eina kú. Afgjaldið var ekkert af býlinu, og lagðist þó í eyði, er skeð fyrir nokkrum og 40 árum. Engin er von, að þetta býli upp aftur byggist.[18]

Í *Jarðatali Johnsens* frá 1835-1845 kemur fram að dýrleiki jarðarinnar var 38 2/3 hdr. og landskuldin 1,40. Kúgildin voru 4½ og þá voru þar 2 leiguliðar.[19] Dýrleikinn er sagður sá sami í *Nýrri jarðabók fyrir Ísland* frá 1848, en ný hundraðstala sögð vera 24,2.[20] Þá er Gröf komin í bændaeign.[21]

Þegar manntal var tekið árið 1703 voru 10 manns skráðir til heimilis í Gröf, ábúandinn Jóhann Hannesson ásamt vinnuhjúum sínum.[22] Tæpri öld síðar, eða 1801, var þar orðið tvíbýlt og heimilisfólk samtals 15 talsins.[23] Um miðja 19. öld, nánar tiltekið árið 1845, var þar enn tvíbýli og höfðu báðir bændurnir viðurværi sitt af grasnyt. Þá bjuggu samtals 17 manns á báðum bæjunum.[24] Mun færra fólk var búsett í Gröf árið 1910, einungis fimm manns, sem bjuggu í torfbæ með einu hálfþili [166755-315-5].[25]

Í bók Þorvaldar Thoroddsen um afleiðingar jarðskjálftana miklu sem skóku Suðurland árið 1896 kemur fram að þá voru 10 bæjarhús [166755-315-6 til -15] og 14 peningshús [166755-315-16 til -29] í Gröf. Tvö bæjarhúsanna féllu alveg, tvö til viðbótar skemmdust mikið og sex þeirra urðu fyrir litlum skemmdum. Fimm peningshúsanna gjörféllu, fjögur skemmdust mikið og fimm lítið.[26]

Í bókinni *Sunnlenskar byggðir* er Gröf lýst þannig:

Jörðin er landlítil. Meiri hluti landsins er blaut mýri. Heldur lélegt land, bæði til beitar og slægna. Nokkur hluti landsins eru þurrir móar, gott og auðunnið ræktunarland. Meðfram Litlu-Laxá eru grösugir hvammar, þar sem skiptast á valllendisbakkar og mýrardrög, undir skjólgóðum brekkum. Ágætt sumarland fyrir allan fénað. Engjalönd voru rýr. Mikill jarðhiti fylgir jörðinni. Veiðiréttur er í Litlu-Laxá. Nokkurt landbrot er af völdum Laxár.

---

[17] Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981, bls. 246.
[18] Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981, bls. 246.
[19] Johnsen, J. 1847, bls. 67.
[20] *Ný jarðabók fyrir Ísland.* [1861], bls. 22.
[21] *Verðlagsbók við jarðamat í Árnessýslu árið 1948.*
[22] *Manntal á Íslandi árið 1703.* 1924-1947, bls. 615.
[23] *Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt.* 1978, bls. 258.
[24] *Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt.* 1982, bls. 280.
[25] *Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla.* 1997, bls. 312.
[26] Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905, bls. 174.

Árið 1961 var jörðinni skipt, og stofnuð nýbýlin Sunnuhlíð og Laxárhlíð. Fengu þau hvort um sig 1/3 hluta jarðarinnar utan túns.

Bærinn stendur á bökkum Litlu-Laxár í litlu dalverpi og stendur lágt, og er útsýni lítið.[27]

Allt til ársins 1929 voru Gröf og Högnastaðir óskipt land, „þá var landinu skipt og nýbýlið Hvammur byggt úr Gröf."[28] Í Jarðabókinni kemur fram að Högnastaðir voru í fyrstu hjáleiga frá Gröf.[29]

Bærinn í Laxárhlíð stendur í túninu, skammt austan við Grafarbæinn, en íbúðarhúsið í Sunnuhlið stendur örskammt vestan við bæinn í Gröf. Bæði þessi nýbýli byggðust úr Grafarlandi 1961 og fengu hvort um sig einn þriðja hluta af landi Grafar.[30] Þegar túnakort var gert árið 1921 var túnið 7,1 ha og „[g]irt með torfg. og vír ofan á fyrir ofan bæinn [166755-315-33] að neðan girt með vír og Litlu Laxá. Mikið þýft í túninu. Brunnur á hlaði [166755-315-34], annars notaðir hverir niður við á. Matjurtag. 27,64 arar [0,28 ha]."[31] Árið 1977 var búið að stækka túnið í 21 ha.[32] Núverandi íbúðarhús var byggt árið 1964.[33] Hefðbundinn búskapur fer ekki lengur fram á jörðinni, en þar er stunduð ylrækt.[34] Hrunamannahreppur á nú jörðina, en mannvirki á henni eru í einkaeign.[35]

Eins og fram hefur komið má bæði telja jarðhita og laxveiði til hlunninda Grafar og er hvoru tveggja tíundað í Fasteignabókinni frá árinu 1932 og í núverandi fasteignamati.[36] Heimildir benda til að tvö klakhús hafi verið byggð á jörðinni. Það fyrra var úr torfi og grjóti, byggt í kringum 1930 [166755-315-38]. Hitt var væntanlega byggt á árunum 1939 til 1940 að frumkvæði Fiskiræktar- og veiðifélags Árnesinga og var það starfrækt með hléum til ársins 1948 [166755-315-41].[37]

Árið 1961 var gerð fornleifarannsókn í landi Grafar, á stað sem gekk undir nafninu Lögrétta eða Þinghúsþúfur [166755-315-35]. „Þarna var að sjá stórar þúfur í óreglulegum hnapp og í breiðum skákum, sem mynduðu ferhyrning út frá honum. Austan við var vallgróin tóft, breið og ávöl."[38] Niðurstaða Þorkels Grímssonar var að þarna hefði annars vegar verið um að ræða útihús[39] [166755-315-36] og hins vegar „... að þarna hafi verið útbúinn staður fyrir þinghald."[40] [166755-315-35].

Í *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar*, sem ferðuðust um Ísland á árunum 1752 til 1757, könnuðu landið og gerðu ýmsar rannsóknir, segir frá Grafarhver [166755-315-30], sem var skammt frá bæjarhúsum í Gröf.[41]

Hverinn er víður, og sýður mikið í honum. Lækurinn, sem frá honum rennur, er látinn renna í stóra baðþró [166755-315-31] skammt fyrir neðan hverinn. Það er merkilegt við hver þenna, að menn

[27] *Sunnlenskar byggðir I. Tungur, Hreppar, Skeið.* 1986, bls. 254.
[28] *Örnefnaskrá Högnastaða*. 1983.
[29] Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981, bls. 245.
[30] *Sunnlenskar byggðir I. Tungur, Hreppar, Skeið.* 1986, bls. 255-256.
[31] Túnakort. 1921, desember. *Gröf, Hrunamannahreppur, Árnessýsla*.
[32] *Sunnlenskar byggðir I. Tungur, Hreppar, Skeið.* 1986, bls. 254.
[33] Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí.
[34] Guðjón Emilsson.
[35] Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí.
[36] *Fasteignabók*. 1932, bls. 15; Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí.
[37] Guðjón Emilsson, kt. 140632-4659. Munnleg heimild, 15. ágúst 2007; Páll Lýðsson. 2005.
[38] Þorkell Grímsson. 1962, bls. 100.
[39] Þorkell Grímsson. 1962, bls. 104.
[40] Þorkell Grímsson. 1962, bls. 110.
[41] Eggert Ólafsson. 1978, bls. 173-174; Bjarni Harðarson. 2001, bls. 243.

> fullyrða, að þeir hafi séð fugla synda þar í sjóðandi vatninu. Ef þetta er satt, þá er þar um að ræða einn af leyndardómum náttúrunnar. Menn eru ekki á eitt sáttir um stærð fugla þessara. Sumir segja, að þeir séu á stærð við hrafna, aðrir, að þeir séu eins og litlar endur, og enn halda sumir því fram, að þeir séu ekki stærri en lóur. Sjaldan sjást þeir fleiri en tveir í einu. Litnum gátu menn ekki heldur lýst af nokkurri nákvæmni, en flestum kom þó saman um, að þeir voru dökkleitir.[42]

„Grafarhver var virkjaður fyrir gróðurhúsin í Gröf og Laxárhlíð en við borun á Flúðum seint á 20. öld þornaði Grafarhver algerlega og hefur ekki verið deigur dropi í honum síðan.“[43] Þess má geta að sagnir eru til um hverafugla sem þessa úr fleiri hverum, á Reykjanesi og við Hveragerði,[44] en slíkur flug er einmitt í byggðamerki Hveragerðis.

Gamla fjósið í Gröf hýsir nú minjasafn í eigu afkomenda Emils Ásgeirssonar, fyrrverandi bónda í Gröf, sem stofnaði safnið og safnaði flestum þeim munum sem þar eru. Þegar Emil féll frá árið 1988 hélt Guðjón sonur hans söfnunarstarfinu áfram.[45]

[42] Eggert Ólafsson. 1978, bls. 173-174.
[43] Bjarni Harðarson. 2001, bls. 243.
[44] Bjarni Harðarson. 2001, bls. 243.
[45] *Hrunamenn. Ábúendur og saga Hrunamannahrepps frá 1890*. 1999, bls. 246-257; Guðjón Emilsson.

## Fornleifaskrá:

**Gröf – 166755-315-1**
**Sérheiti:** Gröf.
**Hlutverk:** Bústaður/býli.
**Tegund:** Bæjarhóll.
**Staðsetning:** E435684, N404082.
**Staðhættir:** Þegar manntal var tekið árið 1703 voru 10 manns skráðir til heimilis í Gröf, ábúandinn Jóhann Hannesson ásamt vinnuhjúum sínum (*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:615). Tæpri öld síðar, eða 1801, var þar orðið tvíbýlt og heimilisfólk samtals 15 talsins (*Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt.* 1978:258). Um miðja 19. öld, nánar tiltekið árið 1845, var þar enn tvíbýli og höfðu báðir bændurnir viðurværi sitt af grasnyt. Þá bjuggu samtals 17 manns á báðum bæjunum (*Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt.* 1982:280). Mun færra fólk var búsett í Gröf árið 1910, einungis fimm manns, sem bjuggu í torfbæ með einu hálfþili [166755-315-5] (*Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla*. 1997:312).
Í bók Þorvaldar Thoroddsen um afleiðingar jarðskjálftana miklu sem skóku Suðurland árið 1896 kemur fram að þá voru 10 bæjarhús [166755-315-6 til -15] og 14 peningshús [166755-315-16 til -29] í Gröf. Tvö bæjarhúsanna féllu alveg, tvö til viðbótar skemmdust mikið og sex þeirra urðu fyrir litlum skemmdum. Fimm peningshúsanna gjörféllu, fjögur skemmdust mikið og fimm lítið (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:174).
Þegar túnakort var gert árið 1921 var túnið 7,1 ha og „[g]irt með torfg. og vír ofan á fyrir ofan bæinn [166755-315-33] að neðan girt með vír og Litlu Laxá. Mikið þýft í túninu. Brunnur á hlaði [166755-315-34], annars notaðir hverir niður við á. Matjurtag. 27,64 arar [0,28 ha].“ (Túnakort. 1921, desember. *Gröf, Hrunamannahreppur, Árnessýsla* ). Árið 1977 var búið að stækka túnið í 21 ha (*Sunnlenskar byggðir I. Tungur, Hreppar, Skeið.* 1986, bls. 254). Núverandi íbúðarhús var byggt árið 1964. Hrunamannahreppur á nú jörðina, en mannvirki á henni eru í einkaeign (Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí).



*Gröf um 1930.*

***Mynd 1:*** *Gröf um 1930. Ljósm. úr bókinni* Hrunamenn. Ábúendur og saga Hrunamannahrepps frá 1890, *bls. 247.*

Síðustu bæjarhús í Gröf stóðu þar sem nú er grasblettur norðaustan við íbúðarhúsið í Gröf. Svæði þetta er örlítið hærra en umhverfið, sérstaklega ef miðað er við túnið sem er austan við það, þó varla sé unnt að tala um eiginlegan bæjarhól. Bærinn var líklega jafnaður við jörðu á 7. áratug síðustu aldar (Guðjón Emilsson). Á mynd af bæjarhúsunum sem tekin var um 1930 má sjá níu timburstafna sem snúa mót suðvestri. Milli nokkurra bæjarhúsa eru torfhlaðnir veggir og eru það væntanlega elstu húsin (*Hrunamenn. Ábúendur og saga Hrunamanna-hrepps frá 1890*. 1999:247).
**Staðhættir:** Í bók Þorvaldar Thoroddsen um afleiðingar jarðskjálftana miklu sem skóku Suðurland árið 1896 kemur fram að þá voru 10 bæjarhús [166755-315-6 til -15] og 14 peningshús [166755-315-16 til -29] í Gröf. Tvö bæjarhúsanna féllu alveg, tvö til viðbótar skemmdust mikið og sex þeirra urðu fyrir litlum skemmdum. Fimm peningshúsanna gjörféllu, fjögur skemmdust mikið og fimm lítið (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905). Hugsanlegt er að eitt þessara húsa sé útihús það sem Þorkell Grímsson gróf upp árið 1961 [166755-315-36] eða það sem var í túninu norðaustan við íbúðarhúsið Laxárhlíð [166755-315-4] (Þorkell Grímsson. 1962:104).
**Heimildir:**

*Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla*. 1997. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sáu um útgáfuna. Reykjavík: Ættfræðifélagið.

Þorkell Grímsson. 1962. Rannsókn á svonefndri Lögréttu að Gröf í Hrunamannahreppi. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*, bls. 100-114.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmentafélag.

**Gröf – 166755-315-28**
**Hlutverk:** Útihús.
**Tegund:** Heimild.
**Staðsetning:** Óþekkt.
**Staðhættir:** Í bók Þorvaldar Thoroddsen um afleiðingar jarðskjálftana miklu sem skóku Suðurland árið 1896 kemur fram að þá voru 10 bæjarhús [166755-315-6 til -15] og 14 peningshús [166755-315-16 til -29] í Gröf. Tvö bæjarhúsanna féllu alveg, tvö til viðbótar skemmdust mikið og sex þeirra urðu fyrir litlum skemmdum. Fimm peningshúsanna gjörféllu, fjögur skemmdust mikið og fimm lítið (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905). Hugsanlegt er að eitt þessara húsa sé útihús það sem Þorkell Grímsson gróf upp árið 1961 [166755-315-36] eða það sem var í túninu norðaustan við íbúðarhúsið Laxárhlíð [166755-315-4] (Þorkell Grímsson. 1962:104).
**Heimildir:**
*Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla*. 1997. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sáu um útgáfuna. Reykjavík: Ættfræðifélagið.

Þorkell Grímsson. 1962. Rannsókn á svonefndri Lögréttu að Gröf í Hrunamannahreppi. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*, bls. 100-114.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmentafélag.

**Gröf – 166755-315-29**
**Hlutverk:** Útihús.
**Tegund:** Heimild.
**Staðsetning:** Óþekkt.
**Staðhættir:** Í bók Þorvaldar Thoroddsen um afleiðingar jarðskjálftana miklu sem skóku Suðurland árið 1896 kemur fram að þá voru 10 bæjarhús [166755-315-6 til -15] og 14 peningshús [166755-315-16 til -29] í Gröf. Tvö bæjarhúsanna féllu alveg, tvö til viðbótar skemmdust mikið og sex þeirra urðu fyrir litlum skemmdum. Fimm peningshúsanna gjörféllu, fjögur skemmdust mikið og fimm lítið (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905). Hugsanlegt er að eitt þessara húsa sé útihús það sem Þorkell Grímsson gróf upp árið 1961 [166755-315-36] eða það sem var í túninu norðaustan við íbúðarhúsið Laxárhlíð [166755-315-4] (Þorkell Grímsson. 1962:104).
**Heimildir:**
*Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla*. 1997. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sáu um útgáfuna. Reykjavík: Ættfræðifélagið.

Þorkell Grímsson. 1962. Rannsókn á svonefndri Lögréttu að Gröf í Hrunamannahreppi. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*, bls. 100-114.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmentafélag.

**Gröf – 166755-315-30**
**Sérheiti:** Grafarhver.
**Hlutverk:** Hver.
**Tegund:** Þjóðsaga.
**Staðsetning:** E435809, N403941.
**Hættumat:** Í mikilli hættu vegna framkvæmda.
**Staðhættir:** Í *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar*, sem ferðuðust um Ísland á árunum 1752 til 1757, könnuðu landið og gerðu ýmsar rannsóknir, segir frá Grafarhver, sem var skammt frá bæjarhúsum í Gröf (Eggert Ólafsson. 1978:173-174; Bjarni Harðarson. 2001:243). „Hverinn er víður, og sýður mikið í honum. Lækurinn, sem frá honum rennur, er látinn renna í stóra baðþró [166755-315-31] skammt fyrir neðan hverinn. Það er merkilegt við hver þenna, að menn fullyrða, að þeir hafi séð fugla synda þar í sjóðandi vatninu. Ef þetta er satt, þá er þar um að ræða einn af leyndardómum náttúrunnar. Menn eru ekki á eitt sáttir um stærð fugla þessara. Sumir segja, að þeir séu á stærð við hrafna, aðrir, að þeir séu eins og litlar endur, og enn halda sumir því fram, að þeir séu ekki stærri en lóur. Sjaldan sjást þeir fleiri en tveir í einu. Litnum gátu menn ekki heldur lýst af nokkurri nákvæmni, en flestum kom þó saman um, að þeir voru dökkleitir.“ (Eggert Ólafsson. 1978:173-174). „Grafarhver var virkjaður fyrir gróðurhúsin í Gröf og Laxárhlíð en við borun á Flúðum seint á 20. öld þornaði Grafarhver algerlega og hefur ekki verið deigur dropi í honum síðan.“ (Bjarni Harðarson. 2001:243). Þess má geta að sagnir eru til um hverafugla sem þessa úr fleiri hverum, á Reykjanesi og við Hveragerði (Bjarni Harðarson. 2001:243), en slíkur flug er einmitt í byggðamerki Hveragerðis.



***Mynd 2:*** *Grafarhver. Ljósm.: Margrét Hallmundsdóttir.*

Hverinn er um 3 m frá árbakka Litlu-Laxár og um 60 m suðaustur af fjósinu.
**Lýsing**: Þar sem hverinn var er nú svolítil hvilft, um 3 x 5 m að stærð, sem gróið hefur upp. Steypt var í kringum hverinn og enn sést í steypuleifar í köntum hvilftarinnar.
**Heimildir:**

Bjarni Harðarson. 2001. *Landið, fólkið og þjóðtrúin*. Kortlagðir álagablettir og byggðir trölla, álfa, drauga, skrímsla og útilegumanna í Árnesþingi. Selfossi: Sunnlenska bókaútgáfan.

Eggert Ólafsson. 1978. *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752 – 1757*. 2. bindi. Jón Eiríksson og Gerhard Schöning bjuggu frumútgáfuna til prentunar, og var hún gefin út í Sórey í Danmörku árið 1771. Steindór Steindórsson íslenskaði árið 1942. [Reykjavík:] Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf.


**Gröf – 166755-315-31**
**Hlutverk:** Baðþró.
**Tegund:** Heimild.
**Staðsetning:** E435809, N403941.
**Staðhættir:** Í *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar*, sem ferðuðust um Ísland á árunum 1752 til 1757, könnuðu landið og gerðu ýmsar rannsóknir, segir frá Grafarhver [166755-315-30], sem var skammt frá bæjarhúsum í Gröf (Eggert Ólafsson. 1978:173-174;

Bjarni Harðarson. 2001:243). „Hverinn er víður, og sýður mikið í honum. Lækurinn, sem frá honum rennur, er látinn renna í stóra baðþró skammt fyrir neðan hverinn. Það er merkilegt við hver þenna, að menn fullyrða, að þeir hafi séð fugla synda þar í sjóðandi vatninu. Ef þetta er satt, þá er þar um að ræða einn af leyndardómum náttúrunnar. Menn eru ekki á eitt sáttir um stærð fugla þessara. Sumir segja, að þeir séu á stærð við hrafna, aðrir, að þeir séu eins og litlar endur, og enn halda sumir því fram, að þeir séu ekki stærri en lóur. Sjaldan sjást þeir fleiri en tveir í einu. Litnum gátu menn ekki heldur lýst af nokkurri nákvæmni, en flestum kom þó saman um, að þeir voru dökkleitir.“ (Eggert Ólafsson. 1978:173-174). „Grafarhver var virkjaður fyrir gróðurhúsin í Gröf og Laxárhlíð en við borun á Flúðum seint á 20. öld þornaði Grafarhver algerlega og hefur ekki verið deigur dropi í honum síðan.“ (Bjarni Harðarson. 2001:243).

Engin ummerki sjást um þró þessa. Ekki er ósennilegt að í þrónni hafi verið blandað saman heitu vatni úr hvernum (sem var undir það síðasta um 100°C) og köldu vatni úr Litlu-Laxá, því þar voru hæg heimatökin, því hverinn er á bakka árinnar (Guðjón Emilsson).

**Heimildir:**


Bjarni Harðarson. 2001. *Landið, fólkið og þjóðtrúin*. Kortlagðir álagablettir og byggðir trölla, álfa, drauga, skrímsla og útilegumanna í Árnesþingi. Selfossi: Sunnlenska bókaútgáfan.

Eggert Ólafsson. 1978. *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752 – 1757*. 2. bindi. Jón Eiríksson og Gerhard Schöning bjuggu frumútgáfuna til prentunar, og var hún gefin út í Sórey í Danmörku árið 1771. Steindór Steindórsson íslenskaði árið 1942. [Reykjavík:] Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf.

Guðjón Emilsson, kt. 140632-4659. Munnleg heimild, 17. mars 2008.


**Gröf – 166755-315-32**

**Hlutverk:** Þingstaður.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** Óþekkt.

**Staðhættir:** Árið 1842 ritaði Páll Melsted: „Hrunamanna- eður stundum svonefndur Ytri-hreppur. Hann er ein þingsókn, og er þar þingstaður á þeim bæ, sem Gröf heitir, er liggur skammt frá Hruna, hérumbil mitt í sveitinni. Er þar þinghús allsæmilegt, byggt á sveitarinnar kostnað. Þó er varla mögulegt að halda þing þar í, eður öðrum þinghúsum sýslunnar, á vetrardag í frostum. Hlýtur því sýslumaðurinn, nær mál kom fyrir um þann tíma, að útvega annarstaðar hlýrra hús til þinghalds.“ (*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979:24). Emil Ásgeirsson, sem gerðist bóndi í Gröf árið 1932 (*Sunnlenskar byggðir I. Tungur, Hreppar, Skeið*. 1986:254) taldi að húsið hafi staðið „... rétt austan við bæinn og snúið eins og bæjarhúsin. Þingið í Gröf var lagt niður skömmu fyrir aldamót. ... Gamall maður úr sveitinni er sagður muna, að þinghúsið hafi verið rifið rétt fyrir aldamótin. Nú eru þannig um sextíu ár um liðin. Vísbendingar um, hvar húsið stóð, byggðar á munnlegri geymd, geta tæplega talizt nákvæmar, og mér hefur því miður ekki tekizt að finna myndir eða uppdrætti, sem að gagni mættu koma.“ skrifar Þorkell Grímsson árið 1962 og bætir síðan við að hugsanlega hafi hin forna kirkja [166755-315-2] á staðnum verið tekin undir þinghald (Þorkell Grímsson. 1962:102).

**Heimildir:**


*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

*Sunnlenskar byggðir I. Tungur, Hreppar, Skeið*. 1986. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Önnur prentun. Fyrsta prentun 1980. [Selfoss:] Búnaðarsamband Suðurlands.

Þorkell Grímsson. 1962. Rannsókn á svonefndri Lögréttu að Gröf í Hrunamannahreppi. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*, bls. 100-114.

**Gröf – 166755-315-33**
**Hlutverk:** Túngarður.
**Tegund:** Heimild.
**Staðsetning:** Óþekkt.
**Staðhættir:** Þegar túnakort var gert árið 1921 var túnið 7,1 ha og „[g]irt með torfg. og vír ofan á fyrir ofan bæinn að neðan girt með vír og Litlu Laxá. Mikið þýft í túninu. Brunnur á hlaði [166755-315-34], annars notaðir hverir niður við á. Matjurtag. 27,64 arar [0,28 ha].“ (Túnakort. 1921, desember).
Ekki sjást ummerki um þennan túngarð í dag.
**Heimildir:**
Túnakort. 1921, desember. *Gröf, Hrunamannahreppur, Árnessýsla*. Gert af Valdimar Bjarnasyni. Þjóðskjalasafn Íslands.

**Gröf – 166755-315-34**
**Hlutverk:** Brunnur.
**Tegund:** Heimild.
**Staðsetning:** Óþekkt.
**Staðhættir:** Þegar túnakort var gert árið 1921 var túnið 7,1 ha og „[g]irt með torfg. og vír ofan á fyrir ofan bæinn [166755-315-33] að neðan girt með vír og Litlu Laxá. Mikið þýft í túninu. Brunnur á hlaði, annars notaðir hverir niður við á. Matjurtag. 27,64 arar [0,28 ha].“ (Túnakort. 1921, desember).
Engin sjáanleg ummerki eru um þennan brunn og heimildarmaður minnist hans ekki (Guðjón Emilsson).
**Heimildir:**
Túnakort. 1921, desember. *Gröf, Hrunamannahreppur, Árnessýsla*. Gert af Valdimar Bjarnasyni. Þjóðskjalasafn Íslands.

Guðjón Emilsson, kt. 140632-4659. Munnleg heimild, 17. mars 2008.

## *Utan deiliskipulagsreits:*

**Gröf – 166755-315-35**
**Sérheiti:** Lögrétta / Þinghúsþúfur / Þinghúsþýfi / Þinghúshóll.
**Hlutverk:** Þingstaður/kvíar/heygarður.
**Tegund:** Heimild.
**Staðsetning:** E435632, N404122.
**Hættumat:** Í mikilli hættu vegna ábúðar.
**Staðhættir:** „Gröf var þingstaður öldum saman. Er þegar talað um hann í heimild frá byrjun 16. aldar.“ (Þorkell Grímsson. 1962:100; *Diplomatarium Islandicum. …* Áttunda bindi 1261-1521. 1906-1913:132). Þegar manntal var tekið árið 1703 er talað um Grafarþingstað í Ytrahreppi (*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:613).



***Mynd 3:*** *Sunnuhlíð, þar sem talið er að Lögrétta hafi verið. Ljósm.: Margrét Hallmundsdóttir.*

Árið 1961 var gerð fornleifarannsókn í landi Grafar, á stað sem gekk undir nafninu Lögrétta eða Þinghúsþúfur. Einnig eru til örnefnin Þinghúsþýfi og Þinghúshóll í landi Grafar og telur Þorkell Grímsson að öll örnefnin eigi við sama staðinn (Þorkell Grímsson. 1962). „Þarna var að sjá stórar þúfur í óreglulegum hnapp og í breiðum skákum, sem mynduðu ferhyrning út frá honum. Austan við var vallgróin tóft, breið og ávöl.“ (Þorkell Grímsson. 1962:100). Niðurstaða Þorkels Grímssonar var að þarna hefði annars vegar verið um að ræða útihús [166755-315-36] (Þorkell Grímsson. 1962:104) og hins vegar „... að þarna hafi verið útbúinn staður fyrir þinghald.“ (Þorkell Grímsson. 1962:110). Niðurstöðu sína rökstyður Þorkell þannig: „Í tóft þessari lágu bein úr sauðfé og stórgripum á víð og dreif í moldinni, bæði á veggjunum og inni í tóft, en veittu ekki vísbendingu um lagskiptingu. Þarna var heldur ekki sýnilegt gólflag, ... hvergi stoðarholur og hvergi tréleifar af neinu tagi. Er augljóst, að tóftin hefur verið án varanlegrar yfirbyggingar, og er því ekki undan húsi. Gerðið og tóftin virðast vera frá sama tíma. Um það vitna tvö atriði í sjálfum fornleifunum: hvernig hvort tveggja var byggt og hið sameiginlega yfirbragð á þúfunum. Ekki var unnt að tímasetja staðinn eftir fornleifunum sjálfum. Einnig mætti segja sem svo, að ekki hafi verið sýnt fram á, að um þingstað hafi verið að ræða. Má láta sér detta í hug, að þarna hafi verið kvíar og heygarður, og mannvirki þessi byggð til þeirra nota. Ég vil leyfa mér að halda fram, að svo sé ekki, og að þarna hafi verið útbúinn staður fyrir þinghald. Aðalvísbending mín eru örnefnin, sem ég tel að beri að heimfæra á þennan stað og engin sögn er til fyrir því, svo fremi ég veit, að þarna hafi verið neitt annað en þingstaður, og heldur ekki örnefni í þá áttina. Virðist heimilt að hugsa sér, að menn hafi tjaldað yfir tóftina, meðan þing stóð yfir, en gerðið verið haft fyrir rétt handa reiðskjótum aðkomumanna. Þá má og hugsa sér, að tóftin hafi ekki verið þétt tjölduð, þar hafi vissir menn safnazt, meðan þing var haldið, en aðrir viðstaddir safnazt í gerðinu og fylgzt með. Til alls þessa leiða sjálfar fornminjarnar hugann.“ (Þorkell Grímsson. 1962:110-112).
Ekki sjást nein ummerki um fornleifar þessar á yfirborði, þar sem nú er íbúðarhúsið Sunnuhlíð og bílastæði við það. Hins vegar má gera ráð fyrir að undir sverði leynist einhverjar minjar.

**Heimildir:**

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* Áttunda bindi 1261-1521. 1906-1913. Reykjavík: Hið íslenzka bókmentafélag.

*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Þorkell Grímsson. 1962. Rannsókn á svonefndri Lögréttu að Gröf í Hrunamannahreppi. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags,* bls. 100-114.

**Gröf – 166755-315-36**
**Hlutverk:** Útihús/hesthús.
**Tegund:** Heimild.
**Staðsetning:** E435632, N404122.
**Staðhættir:** Árið 1961 var gerð fornleifarannsókn í landi Grafar, á stað sem gekk undir nafninu Lögrétta eða Þinghúsþúfur [166755-315-35] (Þorkell Grímsson. 1962). „Þarna var að sjá stórar þúfur í óreglulegum hnapp og í breiðum skákum, sem mynduðu ferhyrning út frá honum. Austan við var vallgróin tóft, breið og ávöl.“ (Þorkell Grímsson. 1962:100). Niðurstaða Þorkels Grímssonar var að þarna hefði annars vegar verið um að ræða útihús (Þorkell Grímsson. 1962:104) og hins vegar „... að þarna hafi verið útbúinn staður fyrir þinghald.“ [166755-315-35] (Þorkell Grímsson. 1962:110). „Í skurðinum gegnum tóftina, sem var austan við þúfnaklasann, komu í ljós tvær samhliða grjótraðir undan langveggjum. Þar sem dýpst var þarna á grjót, eða í 60-80 sm dýpi, fannst lítill, kúptur eirhnappur, en annars ekkert lauslegt, og ekki heldur gólfleifar. Tóft þessi var sögð eftir útihús, og gamall maður, sem nú á heima á Miðfelli, áréttaði það. Kvaðst hann muna þarna eftir hesthúskofa á síðastliðinni öld. Tóftin var með þykkum moldum, en án greinilegra lagskiptinga, sem bent gætu til fleira en eins byggingarskeiðs. Hún var ekki sambyggð hinum mannvirkjaleifunum, en lá samhliða aðalþúfnaklasanum og hafa dyrnar, eftir ytra útliti að dæma, verið mót suðri. Fjarlægðin fr[á] þúfnasafninu var innan við 10 metra. Mér þótti ekki ástæða til að grafa tóft þessa út frekar.“ (Þorkell Grímsson. 1962:104).
Hugsanlegt er að útihús þessi séu hluti þeirra 14 útihúsa sem voru í Gröf árið 1896 þegar miklir jarðskjálftar riðu yfir Suðurland [166755-315-16 til -29], þó ekki sé hægt að segja til um það með nokkurri vissu (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:174).
Ekki sjást nein ummerki um fornleifar þessar á yfirborði, þar sem nú er íbúðarhúsið Sunnuhlíð og bílastæði við það. Hins vegar má gera ráð fyrir að undir sverði leynist einhverjar minjar.
**Heimildir:**

Þorkell Grímsson. 1962. Rannsókn á svonefndri Lögréttu að Gröf í Hrunamannahreppi. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags,* bls. 100-114.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmentafélag.

## *Viðauki: Úr fyrri skáningu:*

**Gröf – 166755-315-37**
**Sérheiti:** Stöðulhvammur.
**Hlutverk:** Stöðull.
**Tegund:** Heimild.
**Staðsetning:** E435392, N404391.
**Hættumat:** Í mikilli hættu vegna framkvæmda.
**Staðhættir:** Í *Örnefnabók Hrunamannahrepps* er örnefnið Stöðulhvammur, væntanlega undir bakkanum í norðanverði tungunni þar sem gert er ráð fyrir varanlegu hjólhýsasvæði á deiliskipulagstillögu frá 20. júní 2007 (Ingimundur Einarsson. 1941-1945).



***Mynd 4:*** *Líklegur Stöðulhvammur. Ljósm.: Guðlaug Vilbogadóttir.*

**Lýsing:** Þar sem líklegast er að hvammurinn hafi verið er bakkinn hæstur og grasi gróinn og þar er GPS-hnitið tekið (mynd 3).
**Heimildir:**


Ingimundur Einarsson. 1941-1945. *Örnefnabók Hrunamannahrepps*. Óútgefin örnefnakort og teikningar af bæjum í Hrunamannahreppi í eigu Bókasafns Hrunamanna.

Landslag ehf. 2007, 20. júní. *Flúðir í Hrunamannahreppi. Tjaldsvæði. Deiliskipulag – tillaga.*


**Gröf – 166755-315-38**
**Hlutverk:** Klakhús.
**Tegund:** Heimild.
**Staðsetning:** E435533, N404183.
**Hættumat:** Í mikilli hættu vegna framkvæmda.
**Staðhættir:** Malarvegur liggur frá Skeiðavegi niður að Litlu-Laxá, svolítið norðan við svæði þar sem gert er ráð fyrir varanlegu hjólhýsasvæði á deiliskipulagstillögu, dags. 20. júní 2007. Í jarðri halla norðan við veginn var klakhús úr torfi og grjóti ásamt vatnsbóli [166755-315-39] (Guðjón Emilsson). Líklegt má telja að Helgi Kjartansson, sem bjó í Hvammi, sem byggður var úr Grafarlandi, hafi byggt klakhús þetta í kringum 1930. „Það mun hafa verið eign Helga og starfrækt af honum sjálfum.“ (Páll Lýðsson. 2005). Frá vatnsbólinu lá vatnsleiðsla [166755-315-40] niður að klakhúsi [166755-315-41], sem enn sjást steyptar leifar af.
**Lýsing:** Erfitt er að átta sig á hvort einhverjar minjar eru til staðar af klakhúsi þessu, því á svæðinu er mikill gróður og afar þýft.
**Heimildir:**


Guðjón Emilsson, kt. 140632-4659. Munnleg heimild, 15. ágúst 2007.

Landslag ehf. 2007, 20. júní. *Flúðir í Hrunamannahreppi. Tjaldsvæði. Deiliskipulag – tillaga.*

Páll Lýðsson. 2005. *Klakhúsið í Gröf í Hrunamannahreppi*. Óbirt ritgerð í eigu höfundar.

**Gröf – 166755-315-39**
**Hlutverk:** Vatnsból.
**Tegund:** Heimild.
**Staðsetning:** E435533, N404183.
**Hættumat:** Í mikilli hættu vegna framkvæmda,
**Staðhættir:** Malarvegur liggur frá Skeiðavegi niður að Litlu-Laxá, svolítið norðan við svæði þar sem gert er ráð fyrir varanlegu hjólhýsasvæði á deiliskipulagstillögu frá 20. júní 2007. Í jarðri halla norðan við veginn var klakhús úr torfi og grjóti ásamt vatnsbóli (Guðjón Emilsson). Líklegt má telja að Helgi Kjartansson, sem bjó í Hvammi, sem byggður var úr Grafarlandi, hafi byggt klakhús þetta í kringum 1930. „Það mun hafa verið eign Helga og starfrækt af honum sjálfum.“ (Páll Lýðsson. 2005). Frá vatnsbólinu lá vatnsleiðsla [166755-315-40] niður að klakhúsi [166755-315-41], sem enn sjást steyptar leifar af (mynd 4).
**Lýsing:** Erfitt er að átta sig á hvort einhverjar minjar eru til staðar af klakhúsi þessu, því á svæðinu er mikill gróður og afar þýft.
**Heimildir:**


Guðjón Emilsson, kt. 140632-4659. Munnleg heimild, 15. ágúst 2007.

Landslag ehf. 2007, 20. júní. *Flúðir í Hrunamannahreppi. Tjaldsvæði. Deiliskipulag – tillaga.*

Páll Lýðsson. 2005. *Klakhúsið í Gröf í Hrunamannahreppi.* Óbirt ritgerð í eigu höfundar.


**Gröf – 166755-315-40**
**Hlutverk:** Vatnsleiðsla.
**Tegund:** Renna.
**Staðsetning:** E435238, N404530.
**Hættumat:** Í mikilli hættu vegna framkvæmda.
**Staðhættir:** Malarvegur liggur frá Skeiðavegi niður að Litlu-Laxá, svolítið norðan við svæði þar sem gert er ráð fyrir varanlegu hjólhýsasvæði á deiliskipulagstillögu, dags. 20. júní 2007. Í jarðri halla norðan við veginn var klakhús úr torfi og grjóti ásamt vatnsbóli (Guðjón Emilsson). Líklegt má telja að Helgi Kjartansson, sem bjó í Hvammi, sem byggður var úr Grafarlandi, hafi byggt klakhús þetta í kringum 1930. „Það mun hafa verið eign Helga og starfrækt af honum sjálfum.“ (Páll Lýðsson. 2005). Frá vatnsbólinu lá vatnsleiðsla niður að klakhúsi [166755-315-41], sem enn sjást steyptar leifar af.



***Mynd 5:*** *Steyptar leifar klakhúss og vatnsleiðslu.Ljósm.: Guðlaug Vilbogadóttir.*

**Lýsing:** Þessi leiðsla sést vel og er hún greinilegust næst yngra klakhúsinu [166755-315-41]. Hún hefur verið tyrfð og er garðurinn breiðastur um 120 sm um 1,5 m frá rústum hússins og breidd hans þar er álíka mikil. Um 7 m frá húsinu er hann skorinn í sundur af miklum skurði.
**Heimildir:**


Guðjón Emilsson, kt. 140632-4659. Munnleg heimild, 15. ágúst 2007.

Páll Lýðsson. 2005. *Klakhúsið í Gröf í Hrunamannahreppi.* Óbirt ritgerð í eigu höfundar.

**Gröf – 166755-315-41**
**Hlutverk:** Klakhús.
**Tegund:** Mannvirki.
**Staðsetning:** E435238, N404530.
**Hættumat:** Í mikilli hættu vegna framkvæmda.
**Staðhættir:** Fyrir neðan vatnsleiðslu [166755-315-40] má sjá leifar klakhúss úr steinsteypu (mynd 4). Það hús var væntanlega byggt á árunum 1939 til 1940 að frumkvæði Fiskiræktar- og veiðifélags Árnesinga. Húsið var 8 x 11 m að stærð. Klakhúsið var starfrækt með hléum til ársins 1948 (Páll Lýðsson. 2005). Leifar þessar teljast ekki til fornminja í skilningi Þjóðminjalaga, en eru skráðar hér því notkun klakhússins er lokið.
**Lýsing:** Steinsteyptir veggir hússins standa enn, en þak og annað trévirki er ekki lengur til staðar.
**Heimildir:**
Páll Lýðsson. 2005. *Klakhúsið í Gröf í Hrunamannahreppi*. Óbirt ritgerð í eigu höfundar.

**Gröf – 166755-315-42**
**Hlutverk:** Leið.
**Tegund:** Heimild.
**Hættumat:** Í mikilli hættu vegna framkvæmda.
**Staðhættir:** Frá Grafarbænum [166755-315-1] í austri til Selsbæjanna í vestri leið á milli þessara bæja (Guðjón Emilsson). Ekki er vitað um nákvæma staðsetningu en hún lá þvert yfir þar sem nú er ráðgert að hafa tjaldstæði og íbúðarbyggð samkvæmt deiliskipulagstillögu frá 20. júní 2007. Ekki er unnt að greina nein ummerki um leið þessa.
**Heimildir:**
Guðjón Emilsson, kt. 140632-4659. Munnleg heimild, 15. ágúst 2007.

Landslag ehf. 2007, 20. júní. *Flúðir í Hrunamannahreppi. Tjaldsvæði. Deiliskipulag – tillaga*.

# Niðurlag

Í fornleifaskráningu þessari eru skráðar 34 minjar á þeim deiliskipulagsreit sem hér var til rannsóknar. Einungis ein þeirra sést á yfirborði, Grafarhver [166755-315-30], en afar líklegt er að ummerki fleiri minja kæmu í ljós ef farið yrði að hrófla við jarðvegi. Sérstaklega á þetta við um kirkjugarð eða grafreit sem verið hefur í Gröf [166755-315-3]. Auk þess eru í skýrslu þessari getið um einn minjastað sem er rétt utan við deiliskipulagsreitinn [166755-315-35 og -36] og í viðauka um fimm fornleifar sem skráðar voru við fornleifaskráningu sumarið 2007 á öðrum skipulagsreit í landi Grafar.

Þrátt fyrir að lengi hafi verið búið í Gröf er ekki eiginlegur bæjarhóll þar sem íbúðarhúsið er í dag. Þetta vekur furðu og gæti jafnvel bent til þess að bærinn hafi ekki alltaf verið á sama stað. Í þessu sambandi má benda á að Litla-Laxá hefur sett mark sitt á umhverfi jarðarinnar og afar líklegt er að það hafi breyst mikið í aldanna rás. Því er ekki loku fyrir það skotið að gamla bæjarstæðið hafi eyðilagst vegna ágangs árinnar, en árið 1709 segja þeir Árni Magnússon og Páll Vídalín frá því að tún jarðarinnar spillist árlega af völdum Litlu-Laxár.[46]

Eins og heimildir bera vitni um er byggðasaga Grafar löng, en ritaðar heimildir um jörðina eru til allt frá 14. öld þegar kirkja var á jörðinni og þar var einnig þingstaður öldum saman. Því er saga jarðarinnar merkileg og afar líklegt að þar leynist mikið af minjum undir sverði, sem veitt geta mikilvægar upplýsingar, eins og kom meðal skýrt í ljós við framkvæmdir og fornleifauppgröft á síðustu öld. Því er afar líklegt að verði ráðist í byggingaframkvæmdir á þeim reit sem hér var til skoðunar muni margvíslegar mannvistarleifar koma í ljós. Verði það raunin ber að tilkynna það strax til Fornleifaverndar ríkisins, sem veitir ráðgjöf og sér, ef þurfa þykir, um eftirlit með framkvæmdunum. Vegna hinnar löngu og merku sögu Grafar telur skýrsluhöfundur alls ekki ólíklegt að Fornleifavernd ríkisins telji ástæðu til að slíkt eftirlit fari fram. Einnig er ekki óeðlilegt að stofnunin fari fram á að rannsóknarskurðir verði gerðir áður en kirkjugarðinum verður raskað enn frekar en orðið er, því alls ekki er ljóst hversu gamall hann er eða á hver stóru svæði grafið var.

[46] Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981, bls. 233 og 246.

**Heimildir:**

*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfdán Jónsson.* 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Reykjavík: Sögufélag.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* Annað bindi. [Árnessýsla.] Ljósprentuð útgáfa frumútgáfu bókarinnar frá 1918-1921, sem gefin var út í Kaupmannahöfn af Hinu íslenska fræðafjelagi. Reykjavík: Sögufélagið.

Bjarni Harðarson. 2001. *Landið, fólkið og þjóðtrúin.* Kortlagðir álagablettir og byggðir tröllla, álfa, drauga, skrímsla og útilegumanna í Árnesþingi. Selfossi: Sunnlenska bókaútgáfan.

Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic Land Registers.* Ensk þýðing: W. F. Salisbury. Lundi: CWK Gleerup.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* Annað bindi 1253-1350. 1893. Kaupmannhöfn: Hið íslenzka bókmentafélag.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* Fjórða bindi 1265-1449. 1897. Kaupmannhöfn: Hið íslenzka bókmentafélag.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* Áttunda bindi 1261-1521. 1906-1913. Reykjavík: Hið íslenzka bókmentafélag.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* Níunda bindi 1262-1536. 1909-1913. Reykjavík: Hið íslenzka bókmentafélag.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* Fjórtánda bindi 1551-1567. 1944-1949. Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.

Eggert Ólafsson. 1978. *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752 – 1757.* 2. bindi. Jón Eiríksson og Gerhard Schöning bjuggu frumútgáf-una til prentunar, og var hún gefin út í Sórey í Danmörku árið 1771. Steindór Steindórsson íslenskaði árið 1942. [Reykjavík:] Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf.

*Fasteignabók.* 1932. Löggilt af fjármálaráðuneytinu samkv. lögum nr. 41, 8. sept. 1931. Öðlast gildi 1. apríl 1932. Reykjavík: [Fjármálaráðuneytið.]

Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí. *Gröf lóð 1, Hrunamannahreppur.* Sótt 7. febrúar 2008 af http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1114440&landnr=200861&streetname=Gr%C3%B6f%20l%C3%B3%C3%B01&sveitarfelag=Hrunamannahreppur.

Gísli Gestsson. 1956. *Árnessýsla milli Hvítár og Þjórsár.* Árbók Ferðafélag Íslands MCMLVI. [Reykjavík:] Ferðafélag Íslands.

Guðjón Emilsson, kt. 140632-4659. Munnleg heimild, 15. ágúst 2007 og 18. mars 2008.

Guðný Zoëga, mannabeinafræðingur. Rafpóstur 18. mars 2008.

Hrunamannahreppur. Engin dags. *Umhverfi og búseta. Landkostir.* Sótt 2. febrúar 2008 af http://www.fludir.is/index.php?option=com_content&task=view&id=17&Itemid=36.

*Hrunamenn. Ábúendur og saga Hrunamannahrepps frá 1890*. 1999. Ritstjóri: Þorsteinn Jónsson. Reykjavík: Byggðir og bú ehf.

Ingimundur Einarsson. 1941-1945. *Örnefnabók Hrunamannahrepps*. Óútgefin örnefnakort og teikningar af bæjum í Hrunamannahreppi í eigu Bókasafns Hrunamanna.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Höfundur.

Landslag ehf. 2007, 20. júní. *Flúðir í Hrunamannahreppi. Tjaldsvæði. Deiliskipulag – tillaga*.

*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

*Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*. 1978. Reykjavík: Ættfræðifélagið.

*Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt*. 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Reykjavík: Ættfræðifélagið.

*Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla*. 1997. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sáu um útgáfuna. Reykjavík: Ættfræðifélagið.

*Ný jarðabók fyrir Ísland*. [1861]. Samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Kaupmannahöfn: [Jarðabókaútgáfan.]

Páll Lýðsson. 2005. *Klakhúsið í Gröf í Hrunamannahreppi*. Óbirt ritgerð í eigu höfundar.

*Sunnlenskar byggðir I. Tungur, Hreppar, Skeið*. 1986. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Önnur prentun. Fyrsta prentun 1980. [Selfoss:] Búnaðarsamband Suðurlands.

Túnakort. 1921, desember. *Gröf, Hrunamannahreppur, Árnessýsla*. Gert af Valdimar Bjarnasyni. Þjóðskjalasafn Íslands.

*Verðlagsbók við jarðamat í Árnessýslu árið 1848*. Handrit frá 1849 í vörslu Héraðsskjalasafns Árnesinga.

Þorkell Grímsson. 1962. Rannsókn á svonefndri Lögréttu að Gröf í Hrunamannahreppi. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*, bls. 100-114.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmentafélag.

*Örnefnaskrá Högnastaða*. 1983. Heimildarmaður: Valdimar Guðmundsson. Örnefnastofnun.